

8. fundur mánudaginn 15. nóvember 2021

Dagskrá:

1. Orlofshús sumar/vetur 2022-2023
 - a) Samþykkt að halda áfram á sama hátt.
 - b) Rætt um hækkanir, skrifstofu falið að finna út hækkunarþörf og koma með tillögur.
 - c) Orlofsstyrkir – samþykkt að hafa upphæðina 26.000.- kr og hafa styrkina 160 stk.
 - d) Ákveðið að hætta að úthluta útilegukortinu.
 - e) Framboð orlofshúsa, samþykkt að auka ekki framboð þar sem verið er að byggja í Húsafelli.
2. Ráðning bókara.

Tekin hafa verið viðtöl við tvo umsækjendur. Stjórnin veitir Eið heimild til að ráða annan hvorn.
3. Áframhaldandi vinna fyrir Maríu.

Stjórn veitir Eið heimild til að ráða Maríu Dýrfjörð áfram í ýmis kynningarverkefni og annað tilfallandi.
4. Breyting á reglugerðum sjúkrasjóðs.

Ræddar hafa verið breytingar á greiðslum dagpeninga úr sjúkrasjóði úr 4 mánuðum í 7 mánuði ásamt fleiri breytingum. Eiður kynnti drög að breytingum á reglugerð sjúkrasjóðsins. Stjórnin samþykkir drögin og Eiður leggur málið fyrir stjórn sjúkrasjóðsins.
5. Kosning uppstillingarnefndar – Tilnefnd eru:

Agnes Harpa Jósavinsdóttir
Anna Kristín Árnadóttir
Helgi Sveinbjörn Jóhannsson

Stjórnin samþykkir tilnefninguna
6. Samningur á milli Einingar Iðju og FVSA

Gerð hafa verið drög að samningi milli félaganna til að auðvelda félagsmönnum að skipta um félag og halda jafnframt réttindum sínum. Er þetta gert til að auðvelda félagaskipti og auka líkur á að fólk sé í réttu félagi.
7. Starfsdagur trúnaðarmanna 12. janúar 2022.

Áhugi er fyrir því að fá Þorstein V. Einarsson sem fyrirlesara. Kostnaður er kr 110.000.- fyrir utan flugið. Stjórnin veitir samþykki fyrir þessum útgjöldum. Aðrir fyrirlesarar yrðu Halldór Oddsson, Róbert Farestveit og Sigríður frá Mögnum.
8. Önnur mál.

Kíktu í kaffi, nú þegar hafa um 25 manns komið og tekið spjallið. Fram hafa komið góðar hugmyndir um ýmsa hluti í starfsemi félagsins. Vegna Covid-19 er hlé á þessu verkefni en haldið verður áfram með það þegar færi gefst.

Jólafundur, samþykkt að reyna að halda jólafund 10. desember eins og um var talað ef Covid leyfir.

Einnig var rætt um kosti og galla deildarskipts félags.

Fleira ekki gert og fundi slitið.